


Ársskýrsla fyrir veturinn 2009 - 2010

Skólahljósveit Austurbæjar er ein af fjórum skólahljósveitum í Reykjavík og önnur af tveimur sem stofnuð var af Reykjavíkurborg 1954. Skólahljósveitin staðsett í Laugarnesskóla og nemendur hennar að mestu úr hverfi II í austurbæ Reykjavíkur með 9 grunnskólum. Í vetur eru um 150 nemendur á skrá í hljósveitinni og 12 kennarar. Kennarar eru í nokkrum skólum hverfisins en kennarar eru farnir að kenna meira úti í skólunum og á skólatíma.



**SKÓLAHLJÓMSVEIT
AUSTURBÆJAR**

Í Skólahljósveit Austurbæjar eru starfandi 3 sveitir A, B og C sem eru flokkaðar eftir aldri og getu nemendanna. Samvinna er við Tónmenntaskóla Reykjavíkur og Tónskóla Sigursveins sem felst í að nemendur þessara skóla koma í samspil í skólahljósveitina og á móti er nemendum skólahljómveitarinnar gefinn kostur á tónfræðakennslu í tónlistarskólunum.

Starfið í haust hófst í lok ágúst þegar nokkrir blásrar spiluðu við verðlaunaafhendingu á vegum Vinnuskóla Reykjavíkur.

Hefðbundnar æfingar hófust í byrjun september

19. september var öllum hljósveitum og aðstandendum boðið í Katlagil sem er skólasel Laugarnesskóla. Þar voru grillaðar pylsur, gengið um skóginn og farið í leiki.

Fjáröflun foreldrafélagsins var í lok september en þá gafst nemendum kostur á að selja klósettpappír til að safna inn á ferðasjóð.

9. – 11. október var stefnt á Landsmót skólahljósveita í Vestmannaeyjum. Þessu landsmóti var svo aflýst vegna veðurs.

Aðalfundur Forsa – foreldrafélags skólahljósveitarinnar var haldinn **12. október**. Þar var kosið í stjórn og farið yfir liðið ár og hvað væri framundan.

14. október spilaði C – sveitin í matsal Kennaraháskóla Íslands í tilefni af Norrænni ráðstefnu sem þar var haldin.

3. nóvember spiluðu nokkrir nemendur við afhendingu grænfánans í Langholtsskóla

8. nóvember var löng æfing í Laugarnesskóla. Þá mæta nemendur kl. 10 og æft til kl. 18.00 með hléum og pizzuáti.

21. nóvember var æfingadagur fyrir C – sveitina. Það var æft frá kl. 10 – 19.00

22. nóvember spilaði C – sveitin á jólafondri í Laugarnesskóla

Í nóvember hófust æfingar fyrir jólaspílerí og á miðvikudegi **25. nóvember** spilaði klarinettukvartet fyrir kvennaklúbb hjá Rótary í Víkingasal Hótel Loftleiðar.

Laugardag 28. nóvember voru tvær lúðrasveitir að spila. B – sveitin spilaði í laufabrauðsbakstri í Langholtsskóla og í jólafondri í Hvassaleitisskóla. C – sveitin spilaði á jólafondri í Fossvogsskóla og dagurinn endaði í Álftamýrarskóla þar sem klarinettukvartet gekk um skólann og spilaði jólalög á jólaundirbúningsdegi þar sem framleitt var laufabrauð, jólakort, brjóstsykur og ýmist föndur.

Nemendur í hljósveitinni í Breiðagerðisskóla ásamt nokkrum fleirum spiluðu í kirkjuferð Breiðagerðisskóla **1. desember**.

3. desember hélt B – sveitin tónleika í Langholtsskóla.

4. desember var svo A – sveitin með tónleika í Laugarnesskóla

Laugardag 5. desember voru jólatónleikar allra hljósveita í Langholtsskirkju. Um hádegi spilaði hópur jólalög í jólafondri Breiðagerðisskóla.

11. desember fóru nokkrar flautur og spiluðu fyrir eldri borgara í Hæðargarði
15. desember fór klarinettukvartetinn og spilaði fyrir Blindrafélagið í Hamrahlíð og strax á eftir í Eimskip og spila í jólakaffi starfsmanna.
16. desember spiluðu nokkrir krakkar sem höfðu verið saman á leikskólanum Brákarborg jólalög fyrir leikskólabörn.
Á fimmtudag og föstudag **17. og 18. desember** var spilað á jólaskemmtunum í Breiðagerðisskóla, Laugarnesskóla og Hvassaleitisskóla
19. desember fór C – sveitin niður í miðbæ og spilaði í brunakulda á nokkrum stöðum á Laugaveginum og Lækjargötu
20. desember spilaði B – sveitin í fjölskyldumessu í Seljakirkju
Mánudag **21. desember** fór C – sveitin svo aftur og spilaði í miðbænum

Nýtt ár 2010 hófst svo með æfingabúðum hjá B – sveit að Laugalandi í Holtum **16. – 17. janúar**

23. – 24. janúar voru litlar æfingabúðir fyrir C – sveitina. Það var æft frá kl. 10 – 18.30 í æfingahúsnæði Skólahljósveitar Kópavogs í Digranesi. Þá færði hópurinn sig inn í Laugarnesskóla til að borða og horfa á landsleik í handbolta. Æft um kvöldið og gíst í skólanum. Um morguninn var svo æft frá kl. 10 – 12

Í lok janúar var aftur klósettpappírsala á vegum foreldrafélagsins.

12. – 14. febrúar var landsmót skólahljósveitanna fyrir C – D – sveitir

Á þessu móti spilaði C – sveitin stutta tónleika

5. og 6. mars voru tónfundir þar sem allir nemendur komu fram einir eða með öðrum. Þetta voru fernir tónleikar haldnir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla

13. mars var Uppskeruhátíð tónlistarskóla „Nótan“ þar voru 2 baritonnemendur fulltrúar hljósveitarinnar

20. mars voru vortónleikar allra hljósveitanna í Langholtskirkju. Að loknum tónleikum var kaffisala til styrktar foreldrafélaginu.

Í lok mars rétt fyrir páska hófust æfingar hjá litlum kammerhópi sem samanstendur af nemendum sem eru að fermast. Þau æfa kvartet og spila hjá hvert öðru. Fyrsu fermingar voru **28. mars** sem hópurinn spilaði í og ekki er útséð hvað þær verða margar fermingarnar sem hópurinn spilar í.

Mánudag 19. apríl mun C – sveitin spila við setningu Barnamenningarhátíðar

Þriðjudag 20. apríl verður B – sveitin með tónleika ásamt 90 barna kór frá Vogaskóla, Kórskóla Langholtskirkju og Gradueli Futuri. Þarna verða flutt popplög og Eurovisionlög. Miðvikudag 21. apríl er 50 ára afmæli Laugalækjarskóla og þá mun C – sveitin spila í skrúðgöngu um hverfið.

Sumardagurinn fyrsti 22. apríl er skrúðganga á Bústaðaveginum

25. apríl eru Big – band maraþon dagur í Ráðhúsinu og þar á hljósveitin nokkra fulltrúa í Big-bandí skólahljósveita í Reykjavík

27. apríl spilar A – sveitin tónleika í Langholtsskóla

28. apríl spilar A – sveitin tónleika í Fossvogsskóla og Ísaksskóla

2. maí verður C – sveitin með tónleika í Bústaðakirkju á tónleikum hjá Tónmenntaskóla Reykjavíkur

7. – 9. maí verður Landsmót A – B – sveita í Vestmannaeyjum

13. maí mun B – sveitin spila á vorhátíð í Langholtsskóla

15. maí er fjölmeningarganga í miðbænum og C – sveitin mun taka þátt í henni

Vikuna 10 – 15. maí eru vorpróf hjá öllum nemendum

Fimmtudag 20. maí eru skólaslit. Eftir þann tíma mun C – sveitin spila við ýmsar uppákomur fram í júní.

15. apríl 2010 Vilborg Jónsdóttir stjórnandi